



Reglur um úthlutun verkefnisstyrkja á vegum Myndstefs.

1. Rétt til að sækja um verkefnastyrki hafa myndhöfundar í Myndstefi og aðrir starfandi myndhöfundar.
2. Verkefnastyrki skal veita til að vinna að verkefnum á sviði myndhöfunda, svo sem myndlistar, ljósmyndunar, leikmyndagerðar, grafískrar hönnunar, kynningar á byggingarlist, bókagerðar og hvers konar kynningar á myndverkum svo dæmi séu nefnd. Verkefni sem eru á vinnslustigi eða eru langt komin skulu að öðru jöfnu njóta forgangs um styrkveitingu svo og verkefni sem höfundur hefur lokið við.
3. Umsækjandi skal skilgreina eftirfarandi og veita eftirfarandi skriflegar upplýsingar:
 - Verkefni sem er grundvöllur styrkumsóknar og upphæð styrkbeiðni (hámarksupphæð einstakra styrkja er auglýst hverju sinni).
 - Hvort umsækjandi hafi aðra styrki eða fái laun fyrir umrætt verkefni, eða hafi sótt um aðra styrki til verkefnisins og skilgreina upphæðir í því sambandi.
 - Lýsa þýðingu verkefnisins í stuttu máli og með hvaða hætti það verði kynnt almenningi og hvenær áætlað sé að slík kynning fari fram.
 - Sé verkefni lokið skal færa rök fyrir því að nauðsynlegt sé að fá umbeðna styrkveitingu.
4. Sérstök úthlutunarnefnd sér um afgreiðslu styrkbeiðna og ákvörðun styrkveitinga. Stjórn Myndstefs kys þrjá fulltrúa í úthlutunarnefnd til tveggja ára í senn. Sömu fulltrúar skulu ekki sitja lengur í úthlutunarnefnd en tvö ár í senn. Úthlutunarnefnd kys formann úr sínum hópi á fyrsta fundi hvernar úthlutunarnefndar. Stjórn Myndstefs setur úthlutunarnefnd nánari starfsreglur ef þurfa þykir og ákveður heildarstyrksupphæð fyrir hverja úthlutun. Ef öllu úthlutunarfé er ekki úthlutað skv. ákvörðun nefndarinnar geymist mismunur til næstu úthlutunar.
5. Þeir sem hlotið hafa verkefnastyrk frá úthlutunarnefnd Myndstefs skulu gera skriflega grein fyrir ráðstöfun fjárins eigi síðar en einu ári eftir að verkefnisstyrkur hefur verið ákveðinn og greiddur umsækjanda. Frekari styrkveitingar eru háðar því að styrkþegi geri grein fyrir ráðstöfun fyrri styrks og að honum hafi verið varið til verkefnisins í samræmi við upphaflegan tilgang.
6. Styrkþegar heimila Myndstefi að birta endurgjaldslaust texta og myndir af þeim verkefnum sem hljóta styrki, á heimasíðu sinni. Slík birting skal fara fram í samráði við höfund viðkomandi verkefnis.